

Athugasemdir vegna III. draga að frumvarpi að endurskoðun á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

I.Kafli

2.gr.

Eðlilegt að að selir og smáhvalir falli undir ákvæði laganna enda engin málefnaleg rök til annars m.a. til að tryggja vernd og velferð sela

II.Kafli

5.gr.

Að mínu mati þarf að vera algjörlega skýrt í lögnum að NÍ sé með rannsóknarhlutann og UST með stjórnsluna.

Svo er það algjörlega út úr korti að vera blanda Matvælastofnun inn í þetta og skortir öll rök. Matvælastofnun ætti eingöngu koma að málefnum villtra dýra þegar þeim er haldið í húsi eða garði.

III.Kafli

10.gr.

„Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær sömu stöðum en 200 m og á sjó nær en 2000 m.“

Hver eru rökin á bak við þetta? Hvar eru rannsóknirnar á því að skothvellur í 2 km fjarlægð frá fuglabjargi valdi einhverjum usla? Núverandi 500 metra regla er algjörlega yfirdriffin, alltént virðast 500m duga við arnahreiður, hví þá ekki við fuglabjarg?.

Auk þess myndi 2000 metra regla útiloka svartfuglsveiðar í heilu og hálfu fjörðunum að ástæðulausu og án allra rannsókna. Einnig mundi þetta sennilega taka út að hægt sé að nota nokkra skotíþróttavelli á Íslandi. Hver er svo skilgreiningin á fuglabjargi? Þessu ætti að halda óbreittu frá fyrri lögum.

11. gr.

Hér er mikið ósamræmi í lagabálkum því í dýraverndarlögum er líka bálkur um villt dýr, kafli VII. Einfaldast er að hafa bálk um villt dýr og velferð þeirra í þessum lögum og fella þá út bálkinn í dýraverndarlögum. Að vísa almennt í dýraverndarlögin hefur valdið miklum misskilningi meðal almennings. Einfaldara væri þá í að vísa í kaflann beint.

14.gr.

Fella skal alla hvítabirni sem berast til landsins því á einhverjum tímamarki muni fólki stafa hættu af. Óþarfi er að bíða eftir fyrsta alvarlega slysinu til að setja slíka verklagsreglu. Í augum Hvítabjarna erum við mannfólkið bara fæða.

V.Kafli

17.gr. 3.málsgr.

Það að setja sem skilirði að bráð sé veidd til neislu er útúr öllu korti. Með þessu er hreinlega verið að friða allan varg. Svo ætti það ekki að vera hlutverk löggjafans að ákveða hvernig veiðimenn nýta bráð sína.

VI.Kafli

20.gr.

Það er löngu kominn tími á að hefja veiðar á stofnum sem eru sterkir t.d. á hrossagauk, enda stofninn gríðar sterkur og þolir vel þá hóflegu veiði sem yrði á þeim. Eins er löngu kominn tími á að leyfa takmarkaðar, sjálfbærar veiðar á álf til að verja kornakra og nýræktir bænda, enda þolir stofninn vel hóflega grisjun. Svo er spurning um að setja inn í þessi lög eitthvað um kanínur sem eru orðnar viltar mjög víða.

21.gr.

Tek undir það Sem Bragi Sigurður Óskarsson skrifar.

„Aðgerðir geta m.a. falið í sér bann við veiðum á tilteknum tegundum, á tilteknum svæðum, á tilteknum tímum árs eða sólahringsins.“

Á hvaða friðunarmöguleika er eiginlega verið að reyna að opna hérna? Banna anda/gæsaveiðar í morgunskímunni? Banna kvöldveiði?

Veiðum er stjórnað með veiðitímabili og er það yfirdrifið verkfæri löggjafans.

VII.Kafli

26.gr

Þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skulu hafa staðist **bóklegt** próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í **hæfni til að meðhöndla skotvopn til veiða** í samræmi við lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun semur námskrá, setur mörk og viðmið um fullnægjandi árangur á prófi og heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. Umhverfisstofnun er heimilt að fela aðilum, sem hafa til þess þekkingu, reynslu og aðstöðu (Skotvelli) að mati stofnunarinnar, að halda slík námskeið í sínu umboði.

Skotíþróttafélög um allt land eru með fullkomna aðstöðu til að halda námskeið í verklegu námi í meðferð skotvopna og ættu því einungis að fá að sjá um þann hluta.

27.gr

Til skotveiða er heimilt að gefa út veiðikort við 20 ára aldur. Einstaklingi yngri en 20 er heimilt að stunda veiðar í fylgd með veiðimanni sem haft hefur veiðikort í a.m.k. 4. ár.

VIII.Kafli

29.gr

Verulega hefur fækkað tegundum sem lagt er til að veiði verði heimiluð á samkvæmt þessum drögum, en myndu vel þola veiði. Endurskoðun á listanum er því nauðsynleg, enda er gert ráð fyrir því annarsstæðar í lögum að gerðar verði stjórnunar og verndaráætlanir fyrir hverja tegund. Rétt er að vekja athygli á því að þetta frumvarp á að fjalla um veiðar en ekki þrengingar á núverandi veiðirétti án rökstuðnings.

XIII.Kafli

48.gr

Að banna sölu á villibráð er ekki á neinum rökum byggð nema tilfinningum .

Leyfa á sölu á allri villibráð beri stofnar þær veiðar og þær séu sjálfbærar.

Það er ekki alltaf hægt að benda á að það sé til nóg af kjöti í búðinni. Þetta er einfaldlega hollasta og ómengaðasta fæða sem við komumst í og ættum að halda í það að bjóða áfram uppá Villibráðar matarmenningu á Íslandi. Með því að banna sölu er verið að koma í veg fyrir góða og holla matarmenningu.

XIV.Kafli

50-52. gr.

Aðrir en lögregla geta ekki stöðvað ökutæki, kafið menn um skilríki eða aðrar persónuupplýsingar á veiðum. Umhverfisstofnun er eftirlitsstofnun og hefur því engar valdheimildir í slíkt, enda ekki hluti af valdstjórninni. Þessar greinar þarf að fella út.

XVI.Kafli.

55.gr.

Veiðikort er bara skattur á veiðimenn og var talað um í upphafi að upphæð ætti ekki að hækka og á að vera þannig.

Hvað varðar úthlutun úr veiðikortasjóði ættu þeir fjármunir að fara til ransókna á veiðistofnum okkar og til að fá endurúthlutun skili styrkþegar af sér greinargóðum og marktækum gögnum um viðfangið.

Virðingarfylst
Ómar Örn Jónsson
Veiðimaður